



Innra mat Kópavogsskóla

Skýrsla fyrir skólaárið 2017-2018

Guðmundur Ásmundsson

Uppfært í febrúar 2019 í samræmi við
athugasemdir Menntamálastofnunar

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Gildisgrunnur Kópavogsskóla	4
Teymi um innra mat	4
Verkátætlun 2017-2018.....	4
Kannanir námsráðgjafa	5
Hvernig líður þér í skólanum? 1., 2. og 3. bekkur.....	5
Könnun um líðan, vinnufrið, stríðni og einelti; 4.-10. bekkur	5
Tengslakannanir	5
Skólapúlsinn 2017-2018	6
Starfsmannakönnun	6
1. Allir starfsmenn	6
2. Allir starfsmenn – viðhorf til skólans	6
3. Kennarar – Kennarastarfið	7
4. Kennarar – Starfsumhverfi	8
5. Kennarar – Mat og endurgjöf	8
6. Kennarar – Símenntun kennara.....	9
7. Opin svör	9
Nemendakönnun.....	10
1. Virkni nemenda í skólanum	10
2. Líðan og heilsa	10
3. Skóla- og bekkjarandi	11
4. Opin svör	11
Starfsmannasamtöl	11
Foreldrasamtöl	11
Þróunarstarf í Kópavogsskóla	12
Könnun á líðan unglinga	12
Niðurstöður samræmdra prófa	12
Lesferill	13
Frammistöðumat.....	13
Umbótaáætlun 2018-2019	14
Innra mat skólaárið 2018-2019	14
Innra mat – áætlun 2019-2022.....	14

Kynning á niðurstöðum Skólapúlsins.....	15
Lokaorð.....	15

Inngangur

Öllum grunnskólum er samkvæmt VIII. kafla í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ætlað að leggja mat á og hafa eftirlit með gæðum skólastarf. Innra mat Kópavogsskóla er unnið í samræmi við það og samkvæmt lögnum er það skólans að velja þær aðferðir sem hann notar við innra matið. Skólum er skylt að birta opinberlega upplýsingar um matið sem er unnið með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Í þessari skýrslu er lýsing á því mati sem fór fram í Kópavogsskóla skólaárið 2017-2018. Innra mat er ferli þar sem skólinn aflar upplýsinga um starfsemi sína, leggur mat á hana og íhugar í framhaldi gengi sitt með tilliti til nemenda og starfsfólks. Í henni er farið yfir markmið matsins og gildisgrunn Kópavogsskóla auk sjálfs vinnuferlisins og verkáætlun vegna matsins.

Á hverju skólaári leggur námsráðgjafi tengslakönnun fyrir nemendur og einnig könnun á líðan og einelti. Fjallað er um þær niðurstöður í skýrslunni. Kópavogsskóli nýtir sér vefkerfið Skólapúlsinn til að spyrja nemendur, foreldrar og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Á skólaárinu var Skólapúlsinn nýttur til að afla upplýsinga frá nemendum og starfsmönnum en að auki voru starfsmannaviðtöl nýtt til að fá fram viðhorf starfsmanna. Skólastjórnendur skiptu viðtölunum á milli sín með þeim hætti að deildarstjóri sérúrræða ræddi við sérkennara og deildarstjórar stiga ræddu við umsjónarkennara á viðkomandi stigi. Skólastjóri rædd við aðra starfsmenn auk list- og verkgreinakennara. Í einstaka tilfellum voru undantekningar enda starfsmönnum gefinn kostur á að ræða við þann stjórnanda sem þeir kusu. Fjallað er um helstu niðurstöður úr þessum athugunum í skýrslunni. Einnig er fjallað um úrbætur á skólastarfinu í tengslum við niðurstöður þess mats sem gert var á skólaárinu 2016-2017 og þeirri umbótaáætlun sem varð til í framhaldi af því. Að lokum er farið yfir fyrirhugað mat á skólaárinu 2018-2019.

Ath. Við ytra mat Menntamálastofnunar komu fram athugasemdir um að þáttum eins og þróunarstarfi, niðurstöðum samræmdra prófa og eigin skimunum séu ekki gerð skil. Skýrslan hefur verið uppfærð með það í huga og athugasemdirnar að fullu lagðar til grundavallar við mat skólaársins 2019-2020.

Markmið

Markmið innra matsins er að fá fram margvíslegar upplýsingar um skólastarfið. Út frá þeim upplýsingum eru þeir þættir sem betur mega fara skoðaðir og ekki síður þeir þættir sem ganga vel. Í báðum tilvikum er hægt að vinna að úrbótum, efla það sem vel gengur og bæta það sem kemur verr út. Innra mat er einnig leið til þess að sýna helstu hagsmunaaðilum fram á gæði skólastarfsins.

Gildisgrunnur Kópavogsskóla

Þeir þættir sem lögð er áhersla á að skoða byggja á gildisgrunni Kópavogsskóla en þættirnir eru:

- jákvæður starfsandi
- agi í framkomu og vinnubrögðum
- verkefni taki mið af hæfni og getu einstaklinga
- gagnkvæm virðing í samskiptum
- virk samvinna sem byggist á ábyrgð hlutaðeigandi
- gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimilis og skóla og innan skóla

Spurningar Skólapúlsins falla vel að þáttunum hér fyrir ofan og því hefur kerfið verið nýtt við innra mat skólans undanfarin ár. Upplýsingar um Skólapúlsinn má finna á upplýsingasíðu þeirra, <http://skolapulsinn.is/um/>.

Þegar „Uppeldi til ábyrgðar“ var valin sem uppeldisstefna skólans á sínum tíma var það gert m.a. í þeim tilgangi að byggja skólastarfið á jákvæðni og góðum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins. Reglulega eru námskeið með utanaðkomandi sérfræðingum til að viðhalda vinnunni og einnig er starfandi teymi sem styður starfsmenn í að vinna samkvæmt stefnunni. Lokamarkmiðið er að öll samskipti mótist af virðingu og jákvæðni og að allt skólastarfið gangi fyrir sig á sem uppbyggilegastan hátt. Í þeim könnunum sem eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn með reglulegum hætti er reynt að drag fram hvernig til hefur tekist og ráðast í umbætur eftir að niðurstöður hafa verið greindar. Vinnan við umbæturnar er skipulögð af teymi um innra mat og verkferlar unnir með tilliti til hvers þáttar.

Teymi um innra mat

Skólaárið 2017-2018 höfðu eftirtaldir aðilar umsjón með innra matinu: Sjöfn Aðalsteinsdóttir umsjónarkennari, Andrea Guðnadóttir umsjónarkennari, og Svanborg Ísberg umsjónarkennari. Guðmundur Ásmundsson skólastjóri starfaði með teyminu og gekk frá endanlegri skýrslu. Ýmsir kennarar komu að fyrirlögn kannananna en verða ekki tíundaðir hér.

Verkátun 2017-2018

Könnun (Skólapúlsinn), http://skolapulsinn.is/um/?page_id=239, lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk í september, október, desember, febrúar og apríl.

Könnun (Skólapúlsinn), http://skolapulsinn.is/um/?page_id=1163 lögð fyrir starfsmenn í mars. Spurningar um ýmsa þætti skólastarfsins s.s. líðan, viðhorf, starfsumhverfi og fl.

Tengslakönnun: Námsráðgjafi leggur tengslakönnun fyrir allar bekkjadeildir að hausti. Þar eru skoðuð tengsl á milli nemenda með það að markmiði að finna þá nemendur sem eru einangraðir og grípa til viðeigandi ráðstafana. Tengslakannanir eru endurteknar ef þörf er talin á og áhyggjur koma upp.

Könnun á líðan og einelti: Námsráðgjafi leggur könnun á líðan og einelti fyrir nemendur allra bekkja. Ef þurfa þykir er gripið til aðgerða eins og t.d. bekkjafunda og vinnu með skólasálfræðingi þegar niðurstöður liggja fyrir.

Samtöl skólastjórnenda við starfsmenn í mars – júní 2018. Ekki náðist að ljúka öllum samtölum fyrir skólalok og rætt verður við þá starfsmenn í ágúst.

Kannanir námsráðgjafa

Hvernig líður þér í skólanum? 1., 2. og 3. bekkur

Könnunin *Hvernig líður þér í skólanum?* var lögð fyrir nemendur í 3. bekk. Nemendur komu í 2-4 manna hópum á skrifstofu námsráðgjafa og voru spurningar lesnar fyrir nemendur sem svo merktu inn svör sín, hver á sitt blað. Ýmislegt kom upp í umræðunni þegar könnunin var lögð fyrir sem var skráð niður og rætt við nemendur. Niðurstöðurnar voru svo kynntar kennurum. Líkt og undanfarin ár líður nemendum almennt mjög vel í skólanum sem og heima hjá sér og eru jákvæð í garð kennara síns, bekkjarfélaga og námsins. Því miður gafst ekki tími til þess að hitta nemendur 1. og 2. bekkjar með sama hætti sökum tímaleysis. Mikilvægt er að þetta komi ekki upp á aftur, því mikilvægt er að nemendur og námsráðgjafi hittist og myndi góð tengsl á yngri stigum skólans.

Könnun um líðan, vinnufrið, stríðni og einelti; 4.-10. bekkur

Nemendur í 4.-10. bekk tóku könnun um líðan og einelti. Könnunin er á rafrænu formi í gegnum Google Forms en ekki er unnt að rekja svör til einstaklinga. Notast var við spjaldtölvurnar við fyrirlögn. Áður en nemendur tóku könnunina fór fram umfjöllun um einelti og samskipti. Í 7.-10. bekk var einnig fjallað um rafrænt einelti. Horft var til hvers árgangs fyrir sig og niðurstöður skoðaðar með umsjónarkennurum hvers árgangs. Ekkert sem vakti sérstaka athygli kom fram í þessari könnun.

Tengslakannanir

Notast er við forritið Sometics, www.sometics.com, sem gefur möguleika á að leggja fyrir kannanir, skoða tengsl og geyma niðurstöður á milli ára þannig að hægt sé að bera saman breytingar á tengslum innan hóps. Var fyrsta könnunin lögð fyrir í október 2017 og sú seinni á vordögum. Í völdum árgöngum var könnunin lögð oftar fyrir. Kostir þessa forrits er að hægt er að fylgjast með breytingum á vinatengslum. Sömuleiðis er forritið að þróast og nú hægt að fá svör við fjölbreyttari spurningum en einungis vinatengslum.

Skólapúlsinn 2017-2018

Starfsmannakönnun

Könnunin var lögð fyrir alla starfsmenn í mars og svarhlutfall var 79,4%. Svarhlutfall við einstaka spurningum var á bilinu 46%-86% og marktækni svaranna því mismikil. Alls skiptist könnunin í 7 flokka og helstu niðurstöður í hverjum flokk má sjá í samantektinni hér fyrir neðan.

1. Allir starfsmenn

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	73,9%	34 _{/46}	67,8%	1356 _{/1978}	6,1%
1.2. Gagnsemi starfsmannaviðtals	75,9%	22 _{/29}	83,2%	1054 _{/1240}	-7,3%
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	37,0%	17 _{/46}	19,2%	377 _{/1994}	17,8%*
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	21,7%	10 _{/46}	9,6%	188 _{/1995}	12,1%*

Starfsmannaviðtöl undanfarið ár og gagnsemi þeirra.

Allir starfsmenn eru boðaðir í formleg starfsmannasamtöl einu sinni á ári. Sumir starfsmenn telja sig ekki hafa þörf á því þar sem aðgengi að skólastjórnendum er mjög mikið alla daga og ábendingum og vangaveltum því komið á framfæri um leið og þörf er á. Það er stefna stjórnenda að hafa skrifstofur sínar sem mest opnar svo starfsmenn geti komið með vangaveltur sínar til þeirra þegar þörf er á sem hentar báðum aðilum mjög vel. Formlegt starfsmannasamtal bætir því litlu við í flestum tilfellum.

Tíðni áreitni og eineltis meðal starfsfólks

Svartíðnin hvað þessa þætti var 73%, 46 starfsmenn svöruðu en 17 starfsmenn slepptu spurningunum. Áreitið mælist marktækt yfir meðaltali annarra skóla sem taka þátt í könnuninni. Svörin gefa til kynna að áreitið komi frá nemendum, foreldrum og samstarfsfólki.

2. Allir starfsmenn – viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	4,4	48	5,1	2.014	-0,7*
2.2. Starfsandi innan skólans	4,2	47	5,0	1.993	-0,8*
2.3. Stjórnun skólans	4,0	46	5,0	1.981	-1,0*
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	3,6	48	4,7	2.008	-1,1*
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	4,1	46	4,7	1.986	-0,6*

Viðhorf starfsmanna til skólans mælist neðar en í sambærilegum skólum. Niðurstöðurnar eru mjög svipaðar fyrir kennara og aðra starfsmenn. Um 80% svarenda eru ánægðir eða mjög ánægðir í starfi og um og yfir 90% vita til hvers er ætlast af þeim í vinnunni og telja hæfni sína vel nýtt. Um 94% telja sig búa við starfsöryggi en um 62% telja sig starfa áfram við skólann eftir tvö ár. Um 90% telja vel tekið á móti nýju starfsfólki og um 82% telja skólann hafa góða ímynd. Um 72% telja starfsandann góðan í skólanum.

Tæplega 70% starfsmanna telja starfsfólk hvatt til að sýna frumkvæði. Svipaður fjöldi telur að starfið sé metið að verðleikum og bera traust til yfirmanna. Um 80% eru sammála eða mjög sammála því að tekið sé tillit til skoðana þeirra og ábendinga um framkvæmd vinnunnar.

Um 60% starfsmanna telja vinnuaðstæður sínar góðar og um 75% telja sig hafa sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf. Tæplega 67% er sammála fullyrðingunni að álag í starfi sé of mikið í heildina.

3. Kennarar – Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	3,7	33	4,7	1.219	-1,0*
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,3	37	4,8	1.241	-0,5
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,8	35	5,0	1.173	-0,2
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	41,2 mín	32	43,2 mín	1.050	-1,9 mín
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	71,8%	28 _{/39}	65,3%	823 _{/1272}	6,5%
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	36,1%	13 _{/36}	49,5%	580 _{/1176}	-13,4%
3.7. Hópavinna í bekk	38,2%	13 _{/34}	32,4%	374 _{/1152}	5,8%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	42,4%	14 _{/33}	37,1%	454 _{/1226}	5,3%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	51,5%	17 _{/33}	50,1%	612 _{/1230}	1,4%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	19,4%	7 _{/36}	17,4%	211 _{/1209}	2,0%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	59,5%	22 _{/37}	77,0%	954 _{/1245}	-17,5%*
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	4	-	-	-

Tveir þættir skera sig úr hvað marktækni varðar. Annars vegar er það minni ánægja kennara með kennarastarfið en í sambærilegum skólum og hins vegar áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum. Ánægja kennara á elsta stigi er sambærileg við aðra skóla en ánægjan er minni á öðrum stigum. Þarna kemur einnig fram að kennslan er að verða einstaklingsmiðaðri en áður og hópavinna er mun meiri en var í könnuninni 2014. Niðurröðun í hópa fer ekki eftir getu heldur er horft til blandaðrar námsgetur við niðurröðunina.

Um 84% kennara eru sáttir við starf sitt sem kennari og rúm 60% telja sig hafa haft meiri eldmóð þegar þeir voru að byrja sem kennarar. Um 74% kennara er ánægður með starf sitt. Yfir 97% kennara telja sig ná vel til nemenda og 94% telja sig ná góðum árangri með nemendum sína. Um 83% telja sig geta náð árangri með erfiðustu nemendurnar og 84% telja sig hafa áhuga á því sem nemendur segja.

4. Kennarar – Starfsumhverfi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,2	32	4,8	1.130	-0,6
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,7	32	4,8	1.124	-0,1
4.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,6	32	4,9	1.195	0,7
4.4. Samráð um kennslu	5,2	35	5,0	1.145	0,2
4.5. Samvinna um kennslu	5,5	33	5,2	1.156	0,3
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	4,1	33	4,7	1.089	-0,6*
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	4,1	36	4,7	1.160	-0,6*
4.8. Vinnuaðstæður kennara	4,5	36	5,1	1.200	-0,6*

Niðurstöður spurninga er varða starfsumhverfi kennara eru ólíkar. Sumir þættir koma betur út en í sambærilegum skólum en aðrir verr. Faglegur stuðningur skólastjóra mælist hár en valddreifing, virk samvinna og starfsumhverfi mælist marktækt lægra en í sambærilegum skólum. Um 70% svarenda telja að starfsfólk vinni að því að auka færni sína og leggi sitt af mörkum til skólaþróunar.

5. Kennarar – Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	54,5%	18 _{/33}	67,4%	760 _{/1120}	-12,9%
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	46,7%	14 _{/30}	54,8%	632 _{/1133}	-8,1%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	85,0%	17 _{/20}	91,6%	722 _{/779}	-6,6%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	89,5%	17 _{/19}	88,1%	681 _{/761}	1,4%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	4,2	20	4,6	748	-0,4

Enginn þáttanna sker sig sérstaklega úr en tæplega 90% svarenda telur að mat og endurgjöf hafi gagnast þeim til að bæta starf sitt.

6. Kennarar – Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár.	44,1%	15 _{/34}	50,1%	550 _{/1098}	-6,0%
6.2. Símenntunarþörf kennara	5,3	37	5,4	1.164	-0,1
6.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	2	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	48,6%	17 _{/35}	52,5%	593 _{/1137}	-3,9%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	35	-	-	-

Kennarar sinna símenntun mismikið, alveg frá að vera engan dag á ári í að fara yfir 25 daga á ári. Um 58% kennara telur sig hafa þörf fyrir aukna þekkingu á inntaki og markmiðum aðalnámskrár, um 70% nokkra eða mikla þörf á fræðslu um námsmat. Nálægt 75% telja sig hafa litla eða enga þörf á að auka færni sína í að skipuleggja kennslustundir.

7. Opin svör

Starfsmenn eru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann og það sem mætti betur fara.

Það sem starfsmenn telja gott er m.a. gott upplýsingaflæði, gott skipulag og starfsandi og sveigjanleiki. Neikvæðu þættirnir varða bættu vinnuaðstöðu, betri mönnun vegna nemenda með sérþarfir, upplýsingaflæði og aðstöðuvanda vegna frístundaheimilis.

Nemendakönnun

Nemendakönnun skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk og var skipt í 4 svarhópa. Hver hópur svaraði einu sinni og svarmánuðirnir voru október, desember, febrúar og apríl. Alls voru þátttakendur 169 og af þeim svöruðu 155 sem er 91,7% svarhlutfall.

Niðurstöðurnar eftir flokkum má sjá hér fyrir neðan.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,0	155	4,8	15.358	0,2
1.2. Þrautseigja í námi	5,2	155	5,0	15.114	0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,7	155	5,1	15.340	0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,8	155	4,9	15.336	0,9*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,3	155	5,0	15.077	0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,0	155	4,9	15.325	0,1

Í þessum þætti könnunarinnar eru þrjú atriði sem mælast marktækt yfir meðaltali sambærilegra skóla. Dreifingin er nokkuð jöfn eftir árgöngum og kynjamunur lítill en stúlkum í vil hvað varðar trú á eigin vinnubrögðum í námi. Trú á eigin vinnubrögð dalar í 8. og 9. bekk en nær sér upp í 10. bekk.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	5,2	153	5,0	15.074	0,2*
2.2. Stjórn á eigin lífi	5,0	154	4,9	15.057	0,1
2.3. Vellíðan	4,9	154	4,9	15.305	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	36	-	-	-
2.5. Einelti	5,3	153	5,2	15.291	0,1
2.6. Tíðni eineltis	10,5%	16 _{/153}	12,0%	1886 _{/15272}	-1,5%
2.7. Staðir eineltis	-	16	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	41,7%	63 _{/151}	41,0%	6023 _{/14807}	0,7%
2.9. Holtt mataræði	4,9	153	4,8	15.044	0,1

Flokkurinn í heild sýnir jákvæðar niðurstöður og sjálfsmynd barnanna mælist töluvert sterk.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	152	5,0	15.035	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	153	5,0	15.273	-0,1
3.3. Agi í tímum	5,1	152	5,0	15.263	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	153	5,1	15.248	0,0
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,2	149	4,7	14.040	0,5*

Niðurstöðurnar eru jákvæðar í öllum þáttum en samband við kennara hefur aðeins dalað frá könnuninni 2014.

4. Opin svör

Hér nefndur nemendur það sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann og það sem þeim finnst slæmt eða megi betur fara.

Í fyrri flokknum nefna þau bekkjarfélaga og kennara, ákveðnar kennslugreinar sem eru í uppáhaldi, félagsmiðstöðina, skólalóðina, skólinn sé lítill og lítið einelti.

Í seinni flokknum nefna þau að ekkert sem þau læri hjálpi þeim í framtíðinni, ekki nógu góður matur, kennara einstakra greina, stranga kennara, að fá ekki að fara út af skólalóðinni í frímínútunum.

Starfsmannasamtöl

Skólastjórnendur boðuðu flestalla starfsmenn í viðtöl á tímabilinu mars-júní og fyrir þá sem ekki náðist að ræða við verða viðtöl í upphafi skólaársins 2018-2019. Í viðtölunum er rætt um líðan og samskipti, óskir um kennslu (á við kennara eingöngu), endurmenntun og búnaðarkaup vegna starfs viðkomandi starfsmanns. Starfsmaðurinn kemur síðan með sín umræðuatriði og allt er þetta rætt með tilliti til breytinga og þróunar. Flestir eru sammála um að mikið álag fylgi starfi viðkomandi og skiptir þá ekki máli hvert starfsheitið er..

Foreldrasamtöl

Skólastjórnendur buðu, líkt og undanfarin ár, foreldrum allra árganga á morgunfund til að ræða málefni viðkomandi árgangs og málefni skólans almennt. Þar koma ýmis atriði fram sem brugðist er við en flest eru það minni háttar athugasemdir og fyrirspurnir. Vettvangurinn er að mati skólastjórnenda mikilvægur því þar gefst þeim kostur á að hitta foreldrahópa og heyra um upplifun þeirra af skólastarfinu. Einnig funda skólastjórnendur mánaðarlega með stjórn foreldrafélagsins og allt eru þetta jákvæð samskipti og nauðsynleg fyrir báða aðila.

Þróunarstarf í Kópavogsskóla

Á skólaárinu 2017-2018 var áfram unnið með þau þróunarverkefni sem hafa verið í gangi undanfarin ár. Þar eru helst innleiðing á byrjendalæsi og þróun kennsluhátta m.a. vegna þeirra möguleika sem urðu til með innleiðingu spjaldtölva í skólastarfið. Til að styrka þessa þætti hafa kennarar farið á námskeið í byrjendalæsi, bæði kennara- og fyrir leiðtoganámskeið, og framboð námskeiða vegna iPad notkunar hefur verið töluvert, m.a. í upphafi skólaárs. Stóra verkefnið hefur verið „Menntabúðir“ sem hafa verið haldnar á tveggja vikna fresti. Upphafsmaður þess og leiðtogi er Bergþóra Þórhallsdóttir deildarstjóri. Í Menntabúðum kynna og kenna kennarar öðrum kennurum kennsluaðferðir og kynna kennslutæki/kennsluforrit sem þeir eru að nota í kennslunni. Það hefur ótvírætt haft mjög jákvæð áhrif á kennara og þróun kennsluhátta. Í „Menntabúðum“ hefur m.a. verið fjallað um Sphero, sýndarveruleika, little bits, fjölmörg smáforrit (öpp), jóga, núvitund, osmo og seesaw. Kópavogsskóli hafði forgöngu um að grunnskólarnir í Kópavogi sendu sameiginlega umsókn í Endurmenntunarsjóð grunnskóla til að útvíkka menntabúðirnar á skólaárinu 2018-2019. Styrkumsóknin var samþykkt og því verða menntabúðirnar haldnar einu sinni í mánuði og færast á milli grunnskóla Kópavogsbæjar á skólaárinu 2018-2019. Menntabúðir fengu Kópinn sem er sérstök viðurkenning Menntaráðs Kópavogs sem veitt eru fyrir frammúrskarandi verkefni í skólastarfi. Báðum verkefnum verður gert hátt undir höfði á komandi skólaári.

Könnun á líðan unglinga

Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur til fjölda ára lagt könnun fyrir nemendur í 8.-10. bekk í mörgum sveitarfélögum landsins, m.a. í Kópavogi. Þar er verið að skoða vímuefnaneyslu, viðhorf foreldra til hennar, samveru foreldra og barna og heilsu og líðan. Niðurstöðurnar eru fyrir Kópavog í heild og þróunin hefur verið jákvæð til margra ára. Vímuefnaneysla hefur minnkað verulega og samvera foreldra og unglinga hefur verið að aukast. Það sem helst vekur áhyggjur er að „fikt“ með rafrettur sem er að aukast og mikilvægt að bregðast við með fræðslu og forvörnum. Það verður gert í forvarnafræðslu skólaársins 2018-2019 eins og verið hefur.

Niðurstöður samræmdra prófa

Nemendur í 4. og 7. bekk þreyttu samræmd próf í lok september 2017 og nemendur 9. bekkjar í mars 2018. Prófin eru rafræn að öllu leyti og nemendurnir notuðu spjaldtölvur við að svara þeim. Framkvæmdin gekk mjög vel í 4. og 7. bekk og engin tæknileg vandamál komu upp. Tæknileg vandamál við fyrirlögn 9. bekkjarprófsins urðu hins vegar til þess að hætt var við prófið.

Menntamálastofnun birtir allar upplýsingar í rafrænum upplýsingagrunni á [heimasíðu stofnunarinnar](#). Niðurstöðurnar eru stilltar þannig af að landsmeðaltal er 30. Niðurstöður nemenda Kópavogsskóla voru sem hér segir haustið 2017 og vorið 2018:

4. bekkur:

Samræmd einkunn í íslensku er 30 og samræmd einkunn í stærðfræði er 26

7. bekkur:

Samræmd einkunn í íslensku er 28 og í stærðfræði er hún 29. Hjá árganginum eru framfarir í íslensku frá því í 4. bekk en lækkun í stærðfræði. Þá var samræmd einkunn í íslensku 26,6 og í stærðfræði 30,1.


9. bekkur:

Vegna kerfisbilunar hjá Menntamálastofnun þurftu nemendur 9. bekkjar að hætta við samræmda prófið í 9. bekk og því engar niðurstöður.

Þegar niðurstöður samræmdra prófa berast fara skólastjórnendur yfir þær ásamt umsjónarkennurum og sérkennurum. Þar eru lagt mat á þörf fyrir stuðningsúrræði og sérkennslu. Í sumum tilvikum hefur viðkomandi nemandi verið með stuðning en í öðrum tilvikum þarf að endurskoða og breyta. Ef niðurstöðurnar eru mjög óvæntar gagnvart ákveðnu barni er foreldri boðað til fundar og ákveðið hvernig stuðningi verður best háttað. Stundum er lestrarfærni slök og þá skiptir verulega máli að bæði heimili og skóli hjálpist að við að auka hana. Niðurstöðurnar eru alltaf teknar alvarlega og umbótaáætlun gerð til að auka sem mest framfarir nemenda.

Lesferill

Allir nemendur skólans taka próf í Lesferli þrisvar á hverju skólaári, þ.e. í september, janúar og maí (nemendur 1. bekkjar aðeins í janúar og maí). Niðurstaða fyrir Kópavogsskóla í lok skólaársins er nálægt landsmeðaltali í flestum árgöngum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Horft verður sérstaklega til verðandi 2. og 4. bekkjar á skólaárinu 2018-2019 hvað stuðning varðar enda er snemmtæk íhlutun mikilvæg. Einu stöðugildi sérkennara verður bætt við á yngsta stigi skólans til að bragðast við og auka stuðning við kennara.



Frammistöðumat

Fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar fylla nemendur út, með aðstoð foreldra sinna, frammistöðumat. Þar leggja nemendur mat á vinnubrögð og frammistöðu auk þátta er varða líðan, skipulag, stundvísi og hegðun. Einnig er hægt að setja inn stuttar athugasemdir. Þá skrá kennarar inn sitt mat og niðurstöðurnar eru ræddar í samtali barns, foreldra og kennara. Niðurstöður matsins eru

yfirfarnar af skólastjórnendum og brugðist við þeim atriðum sem koma laklega út ýmist hjá einstaklingum eða hópum.

Umbótaáætlun 2018-2019

Í framhaldi af niðurstöðum innra matsins var ákveðið að eftirtalin atriði þyrfti að bæta og þau mynda því umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2018-2019.

- Áfram verður lögð áhersla á samskipti og unnið markvisst með „Uppeldi til ábyrgðar“ undir stjórn stýrihópsins.
- Unnið markvisst með líðan og samskipti nemenda og starfsmanna.
- Skólastjórnendur auki tíðni heimsóknna í kennslustofur til að fylgjast með starfinu og ræða við kennara um kennsluna.
- Unnið verður sérstaklega með útkomuna úr þættinum „Viðhorf til skólans“. Sérstök könnun lögð fyrir til að fá fram þá þætti sem vinna þarf sérstaklega með á skólaárinu.
- Starfsþróunaráætlun skólans nái yfir skólamenningu og vinnu með hana.

Innra mat skólaárið 2018-2019

- Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendum foreldra
- Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
- Skólastjórnendur hitta foreldra barna í hverjum árgangi og ræða málefni árgangsins.
- Reglulegir fundir með stjórn foreldrafélags skólans
- Umræðifundir kennara á yngsta-, mið- og elsta stigi um kennsluhætti og þróun á viðkomandi stigi.
- Kennarafundum skipt upp og hluti faglegrar umræðu aukinn.
- Formleg samtöl skólastjórnenda við starfsmenn.
- Umræðufundir í framhaldi af niðurstöðum kannana vetrarins.

Innra mat – áætlun 2019-2022

- Skólaárið 2019-2020
 - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsfólk
 - Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
 - Niðurstöður samræmdra prófa og frammistöðumat
- Skólaárið 2020-2021
 - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendum og foreldra
 - Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.
 - Niðurstöður samræmdra prófa og frammistöðumat
- Skólaárið 2021-2022
 - Könnun Skólapúlsins lögð fyrir starfsfólk
 - Námsráðgjafi leggur tengslakönnun og könnun um einelti og líðan fyrir í öllum bekkjum.

- Niðurstöður samræmdra prófa og frammistöðumat

Kynning á niðurstöðum Skólapúlsins

Niðurstöður kannananna lágu fyrir við lok skólaársins og ekki gafst tími til að kynna þær þá. Það verður gert í september 2018. Skýrsla um innra mat verður í framhaldinu birt á heimasíðu skólans.

Lokaorð

Líkt og undanfarin ár verður lögð áhersla á að bregðast með jákvæðum hætti við niðurstöðum innra matsins og vinna með þær athugasemdir sem fram komu. Ekki verður síður lögð áhersla á að efla þá þætti sem mælast vel og halda þróun þeirra áfram. Starfsmannahópurinn allur mótar skólamenninguna og mikilvægt að raddir allra fái að heyrast og á þeim sé tekið mark. Eðli skólastarfs er með þeim hætti að ný atriði koma stöðugt upp og við þeim þarf að bregðast. Öllu máli skiptir þó að huga að starfsmönnum skólans og leita leiða til að draga úr því álagi sem þeir kvarta yfir. Það skilar sér í jákvæðari samskiptum og bættum skólabrag.